

# Fréttabréf Sjálfstæðisflokksins

D



## Viðtal við Bjarna í Samtalínu

Mikill árangur hefur náðst í ríkisstjórnarsamstarfinu á alla mælikvarða.

Þannig hefur hagvöxtur undanfarinna ára hér á landi verið umfram það sem gerðist í nágrannaríkjum og öðrum Evrópulöndum, lífskjör á Íslandi eru með besta móti og

forgangsröðun ríkisstjórnarinnar hefur verið að nota hagvöxt og verðmætasköpun í landinu til þess að standa betur með ellilífeyrisþegum, ungu fólki og styrkja velferðarkerfið.

Allt hefur þetta tekist þrátt fyrir krefjandi aðstæður í ljósi verðbólgu og hás vaxtastigs.

Þetta kom fram í athyglisverðu viðtali við Bjarna Benediktsson forsætisráðherra á Vísi sem fólk er hvatt til að hlusta á og finna má [hér](#).



## Ánægja með langfjölmennasta flokksráðsfund sögunnar

Metþátttaka var á flokksráðsfundi Sjálfstæðisflokksins á Hilton Reykjavík Nordica hinn 31. ágúst sl. Þannig sótti helmingur flokksráðsmanna fundinn, eða 370 manns. Aldrei hafa fleiri sótt flokksráðsfund.

Fundarmenn voru almennt ánægðir með fundinn. Samkvæmt könnun sem gerð var meðal þeirra eftir fundinn, og helmingur fundarmanna svöruðu, voru 62% fundargesta ánægðir með efnistöð og uppbyggingu fundarins en einungis 17,5% óánægðir. Af þeim sem tóku afstöðu voru tæp 80% fundargesta ánægðir með hann.

Lestu meira um fundinn [hér](#).

Upptöku af ræðum ráðherra og ritara og annað efni sem sent var frá fundinum má nálgast [hér](#).



SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN  
95 ÁRA

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND  
80 ÁRA

## Fjölbreyttir þættir um sögu Lýðveldis og Sjálfstæðisflokks

Vakin er athygli á því að tekin hafa verið viðtöl við marga fyrrverandi og núverandi forystumenn Sjálfstæðisflokksins í tilefni samofinnar 95 ára sögu Sjálfstæðisflokksins og 80 ára sögu Lýðveldis.

Hægt er að nálgast þættina [hér](#).

### Sjálfstæðisflokkurinn

Háaleitisbraut 1  
105 Reykjavík  
Íceland

### Fyrirvari

Tölvupóstur þessi er sendur skráðum félagsmönnum í samræmi við ákvæði laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka. Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Pósturinn er sendur út af póstlista Sjálfstæðisflokksins.

Viltu ekki fá póst eins og þennan? Þú getur afskráð þig með því að fara á [xd.is](#) - mínar síður.

